

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Halldór Jónsson, Magnús Magnússon, Brynjólfur Brynjólfsson, Þórður Jónsson, Helgi Bjarnason, Júníus Kr. Jónsson, Benedikt Bjarnason, Guðfinnur Kr. Guðmundsson, Jóhann Kr. Guðmundsson, Þorsteinn Sigurðsson, Guðmundur Steinsson, Sigursteinn Þorsteinsson, Sigurður Einarsson, Kjartan Ólafsson og Bjargmundur Sveinsson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og greiðist allur kostnaður málsins af almannafé, þar með talin málflytningu- og verkjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 21. febrúar.

Nr. 42/1909:

Vilhelm Knudsen

gegn

Birni Líndal

fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði málaflutningsmaður Björn Líndal á Akureyri fyrir hönd stórkaupmanns Jakobs Gunnlögssonar.

sonar í Kaupmannahöfn fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar gegn Vilhelm Knudsen, kjötsala á Akureyri, til greiðslu á skuld eftir viðskiftareikningi að upphæð 504 kr. 68 aur. með vöxtum frá 1. janúar 1908 til sáttaðærudags 12. október 1908 kr. 22.71 eða alls 527 kr. 39 a., og var málið dæmt í nefndum rétti 17. júlí f. á. með þeim úrslitum, að Vilhelm Knudsen skyldi greiða 453 kr. 88 aur. af hinni umstefndu upphæð með 6% vöxtum p. a. frá sáttaðærudegi til borgunardags, en að öðru leyti var hann sýknaður af kröfum stefnda í málinu; málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Vilhelm Knudsen skotið til yfir dómsins með stefnu útgefinni 16. ág. f. á. og hefir hann krafist þess, að frá hinni umstefndu upphæð kr. 527.39 verði dregnar kr. 371.00, þannig að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða kr. 156. 39 ásamt 6% vöxtum frá stefnudegi af þeirri upphæð, eins og hann fyrir undirrétti hefir tjáð sig fúsan til að greiða, og að stefndi hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Stefnur hefir hins vegar krafist þess, að hinn áfryjaði dómur verði í öllum greinum staðfestur, og áfryjandi dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir yfirrétti eftir réttarins mati.

Hið fyrsta atriði í reikningi stefnda, er áfryjandi hefir mótmælt og ekki talið sér skylt að greiða, er andvirði fyrir smjörliki kr. 110,00, er innfært er í viðskiftareikninginn hinn 26. maí 1906, að viðbættu farmgjaldi, ábyrgðargjaldi, umboðslaunum að tiltölu og vöxtum, eða alls 118 kr. 63 au., auk vaxta af upphæðinni frá 1. jan. 1907 til sáttaðærudags. Byggir áfryjandi mótmæli sín á

Því, að smjörlíki þetta hafi verið sér ónýtt fyrir þá sök, að tími sá hafi verið hér um bil liðinn, þegar hann fekk vöruna, sem verksmiðjan hefir á umbúðum vörunnar tilgreint að hún ábyrgist haldleika hennar. En þótt svo væri á litið, að áfrýjandi af þessari ástæðu hefði haft rétt til að neita að taka á móti vöru þessari, þá sést ekki á málsskjölunum, að áfrýjandinn hafi neitað móttöku hennar, endursent hana eða ráðstafað henni á annan veg í umráð stefnda, og verður því að fallast á þá kröfu stefnda, að áfrýjandi verði skyldaður til að greiða verð umrædds smjörlíkis.

Enn fremur hefir áfrýjandi krafist þess, að frá kröfu stefnda verði dregnar kr. 118.89, er hann telur andvirði fyrir smjörlíki, er tilfært er í reikningi stefnda 9. okt. 1906. Þessi krafa áfrýjanda verður heldur eigi til greina tekin, þegar af þeirri ástæðu, að eigi verður séð, að áfrýjandi hafi hreyft neinum mótmælum við stefnda gegn móttöku vöru þessarar.

Þá hefir áfrýjandi krafist þess, að frá kröfu stefnda verði dregnar kr. 30.87, er hann telur andvirði 20 sekkja af sagi, er tilfært er í reikningi stefnda 1. okt. 1906. Heldur áfrýjandi því fram, að sag þetta hafi verið með öllu ónýtt til reykinga, en til þess hafi það verið ætlað, þegar það kom í land á Akureyri, og hefir hann staðhæft að skemdirnar hafi hlotið að stafa af því, að það hafi verið blautt, er það var flutt á skip á fermingarstað. — Yfir þessu kvartaði áfrýjandi þegar við móttöku sagsins í bréfi til stefnda 24. okt. 1906. Tekur hann það fram í bréfi þessu, að sagið hafi verið alveg ónýtt, það hafi verið rennvott og pokarnir utan um það fúnir og rifnir utan af því; hafi hann þegar í stað kvartað yfir þessu við

afgreiðslumann skipsins, en fengið það svar, að það hafi komið vott um borð, hafi sjálfsagt hitnað í því í lestinni og pokarnir eyðilagst þannig; bæri því skipið enga ábyrgð á skemdum á því. Tekur áfryjandi enn fremur fram í bréfi sínu, að þessi skýrsla hljóti að vera rétt, því þyngd hvers sagspoka hafi verið, er því var veitt móttaka á skipið á fermingarstað, 117 pd., eða framundir það helmingi þyngri en þeir sakpokar, er hann hafi áður fengið, og þætir hann því að endingu við, að hann voni að fá þetta leiðrétt. Staðhæfing sína um þyngd sagsins hefir hann svo undir rekstri málsins sannað með vottorði afgreiðslumanns skipsins.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að stefndi hafi svarað umræddu bréfi áfryjanda, mótmælt því, eða krafist frekari sannana af hans hendi fyrir því, að sagið hafi verið skemt, og verður að álíta, að stefndi með því atferli hafi gefið áfryjanda fulla ástæðu til að ganga út frá því, að mótmæli hans gegn því að taka vöru þessa gilda, yrði tekin til greina, án frekari mótmæla eða sannana um galla vörunnar. Það verður því að líta svo á, að áfryjanda beri ekki að greiða andvirði sags þessa, en milli málsaðila er ekki ágreiningur um, að upphæð þessa andvirðis beri að telja kr. 30,87 auk vaxta 6% p. a. um eitt ár og 9 mánuði frá 1. jan. 1907 til sáttakærudags, er teljast kr. 3.24.

Samkvæmt ofansögðu ber áfryjanda að greiða stefnda kr. 453.88 að frádregnum kr. 34.11 eða kr. 419.77 með vöxtum 6% p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti staðfestist hinn áfryjaði aukaréttardómur.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir yfir-dómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandi V. Knudsen greiði stefnda Birni Líndal fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar kr. 419,77 — fjögur hundruð og nítján krónur 77 aura — með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 45/1909:

Guðmundur Jónasson og
Einar M. Jónasson
gegn
Oddi Gíslasyni og
Birni Bjarnarson sýslumanni.

Úrskurður:

Áfryjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður heldur því fram, að fjárnámsgjörð, er hann í máli þessu sín vegna og fyrir hönd Guðmundar Jónassonar kaupmanns í Skarðsstöð hefir skotið til yfirdómsins, og háð var af fógötanum í Dalasýslu 23. júlí f. á. til fullnægingar landsyfíréttardómi 1. febr. f. á. í skuldamáli milli Guðmundar og Salomon Daviðsens, sé í ýmsum greinum ólögmat, og krefst hann þess, að sér verði veittur 6 mánaða frestur eða til vara 3 mánaða frestur, til að sanna þetta með vitnaleiðslu í Dalasýslu, en ef